

**Ed.**

**272. Nefndarálit**

[152. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og fengið umsagnir um það frá nokkrum aðilum. Fullt samkomulag er í n. um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Nefndin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til ýmissa tillagna og ábendinga, sem fram hafa komið um minni háttar breytingar á frv., en mun taka afstöðu til þessara tillagna, áður en 3. umræða fer fram.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að á eftir 38. gr. bætist svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Til þess að mæta því tekjutapi fyrir ríkissjóð, sem leiðir af samþykkt þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra sankvæmt þeim um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þessari brtt. og mun þess vegna gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 17. des. 1973.

Ragnar Arnalds,  
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,  
fundaskr.  
Björn Jónsson.

Bjarni Guðbjörnsson.